



Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023

Njarðvíkurskóli

Reykjanesbær



Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023

Njarðvíkurskóli

Reykjanesbær

Reykjanesbær, 23. júní 2023

Inngangur

Í þessari skýrslu um sjálfsmat Njarðvíkurskóla er greint frá innra mati skólans og tekur skýrslan mið af niðurstöðum sem þegar liggja fyrir um innra starf og stefnu Njarðvíkurskóla skólaárið 2022-2023. Matið er unnið af stjórnendum og sjálfsmatsteymi skólans á grunni upplýsinga sem liggja fyrir í lok skólaárs. Niðurstöðurnar eru bornar saman við markmið skólans og stefnu Reykjanesbæjar í fræðslumálum. Sterkar og veikar hliðar á þeim þáttum skólastarfsins sem teknar voru til athugunar í matsspurningum sem settar voru fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla eru metnar. Umbóta- og aðgerðaáætlun er unnin á grunni sjálfsmatsskýrslunnar. Hér birtist sjálfsmat Njarðvíkurskóla fyrir skólaárið 2022-2023.

Efnisyfirlit

1. Sjálfsmat - tilgangur	6
1.1 Rökstuðningur	7
1.2 Lesendur	7
2. Um skólann	7
2.1 Stefna skólans	7
2.1.1 Menntun	8
2.1.2 Mannrækt	8
2.1.3 Markmið	8
2.1.4 Leiðir	8
2.2 Stjórnun	9
2.3 Nám og kennsla	9
2.4 Námsmat	10
2.5 Agamál	12
2.6 Starfsfólk og starfsmannastjórnun	12
2.7 Foreldrasamstarf	13
2.8 Skólanámskrá	13
2.9 Ytra mat Menntamálastofnunnar	13
3 Viðmið um matið	14
4 Sjálfsmatsaðferðir og matstæki	14
4.1 Nemendakannanir	15
4.2 Starfsmannakannanir	17
4.3 Foreldrakannanir	18
5. Niðurstöður	18
5.1 Stefnumörkun og stjórnun	18
5.2 Kennsluaðferðir og mat	21

5.2.1 Lestrar- og stærðfræðiskimanir	24
5.3 Starfsandi og líðan starfsmanna.....	26
5.4 Nemendur – árangur og líðan	30
5.5 Upplýsingastreymi	38
5.5.1 Samskipti við forráðamenn.....	39
6. Framkvæmdarmat.....	42
7. Umbótaáætlun.....	47

1. Sjálfsmat - tilgangur

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að byggja upp skipulegt, áreiðanlegt og umbótamiðað mat á helstu þáttum skólastarfsins. Unnið hefur verið að viðmiðum um mat sem fram koma í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Við úttekt Menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum Njarðvíkurskóla árið 2008 uppfyllti skólinn öll viðmið um aðferðir og framkvæmd. Í ytra mati Menntamálastofnunar í nóvember 2019 kom fram að vel er staðið að sjálfsmati skólans. Þeir þættir sem komu fram sem tækifæri til umbóta voru settir í umbótaáætlun skólans. Yfirumsjón með mati á skólastarfi hafa stjórnendur skólans; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildastjórar. Umbótaáætlanir eru byggðar á greiningu á starfsmannasamtölum, niðurstöðum svara við könnunum sem lagðar eru fyrir starfsfólk, nemendur og forráðamenn. Einnig eru áætlanir byggðar á niðurstöðum skimunar- og könnunarprófa.

Tilgangur matsins er fyrst og fremst að skoða alla þætti skólastarfsins með það að leiðarljósi að bæta það sem betur má fara, efla það sem vel gengur og framfylgja þannig áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla. Í skólanámskrá Njarðvíkurskóla kemur fram að megingilgangur með sjálfsmati skólans er að auðvelda starfsfólki skólans að vinna að framgangi markmiða hans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að faglegum grundvelli fyrir umbótum. Matið þarf að vera altækt þar sem það nær til allra þátta skólastarfsins og þarf vera árangursmiðað, þar sem upplýsingarnar munu verða nýttar sem grundvöllur að ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfs. Matið er jafnframt samstarfsmiðað, þar sem það er unnið af starfsmönnum skólans á grundvelli margvíslegra upplýsinga sem safnað hefur verið saman og einnig er það stofnana- og einstaklingsmiðað þar sem litið er á skólann sem heild og einstaklinga sem þar starfa.

Tilgangur og markmið með sjálfsmati í skólastarfi er að:

- hjálpa skólanum að leita leiða til að bæta námsárangur nemenda
- efla þekkingu alls starfsfólks á stofnuninni sem heild
- styrkja meðvitund starfsmanna um markmið skólans
- auka samstarf og samheldni
- skapa umræðu og skoðanaskipti
- veita stuðning við krefjandi aðstæður
- bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa
- kynna hagsmunaaðilum starfsemi skólans

1.1 Rökstuðningur

Í lögum um grunnskóla nr. 658/2009 er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 2. og 3. greinar laganna með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra sem við á. Grunnskólinn skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat sig, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Með sjálfsmatinu gerum við okkur betur grein fyrir stöðu skólans, hverjar eru sterkar og veikar hliðar hans. Sjálfsmatið er órjúfanlegur hluti af skólastarfinu og unnið því til framdráttar. Tilgangur þessarar skýrslu er í fyrsta lagi að taka saman það sem þegar hefur verið gert til að meta starfsemi skólans og bera það saman við þá aðgerðaráætlun sem unnið er eftir. Einnig hvernig verði best unnið að því að svara þeim spurningum um starf skólans sem settar eru fram í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla.

1.2 Lesendur

Skýrslan á að nýtast sem vinnuþagg fyrir starfsmenn skólans um mat á skólastarfinu. Þannig verður matið tæki til þess að gera aðgerðaráætlanir til þess að takast megí að vinna að áframhaldandi skólaþróun í Njarðvíkurskóla. Sjálfsmatsskýrsla þessi er skrifuð með það fyrir augum að hún skuli verða opinber. Hún er kynnt fyrir starfsfólki skólans, nemendum, forráðamönnum, fræðsluráði og bæjaryfirvöldum. Einnig er hún birt á heimasíðu skólans.

2. Um skólann

Njarðvíkurskóli var stofnaður árið 1942 og var skólahúsnæðið tekið í notkun í febrúar árið 1943. Oft hefur verið byggt við upprunalegt húsnæði, síðast árið 2000. Skólinn er vel búinn tækjum og aðstaða fyrir starfsfólk og nemendur er nokkuð góð. Njarðvíkurskóli er umhverfisvænn grunnskóli sem leggur áherslu á lestrarnám á öllum stigum skólans. Veturinn 2022-2023 voru 408 nemendur í 1.-10. bekk í skólanum. Skólinn hefur einnig undir sinni stjórn tvær sérdeildir sem þjóna öllum grunnskólum Reykjanesbæjar og eru deildirnar í tveimur húsum á lóð skólans. Önnur deildin, Ösp, er ætluð nemendum með þroskahömlun og/eða fötlun og hin deildin, Björk er ætluð nemendum sem vegna hegðunarerfiðleika í heimaskólum sínum eru tímabundið vistaðir í deildinni.

2.1 Stefna skólans

Einkunnarorð Njarðvíkurskóla eru menntun og mannrækt.

2.1.1 Menntun

Við kappkostum að uppfylla ákvæði aðalnámskrár grunnskóla um almenna menntun sem eina meginstoð lýðræðis, undirstöðu menningar og almennrar velferðar. Í samvinnu við heimilin, viljum við búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því.

2.1.2 Mannrækt

Við viljum finna og rækta hæfileika sérhvers nemanda svo hann nái að þroskast og mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs sem einkennist af mannhelgi, réttlæti og félagsanda, virðir mismunandi einstaklinga og leyfir einkennum þeirra að njóta sín.

2.1.3 Markmið

Markmiðið eru að öllum nemendum geti liðið vel í skólanum og góð samvinna takist milli heimila og skóla.

Markmiðið er enn fremur að nemendur:

- beri ábyrgð á eigin námi
- verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og geti valið sér verkefni eftir áhugasviði
- geti nýtt sér tölvu- og upplýsingatækni í vinnu sinni
- þjálfí félagsfærni sína í samvinnu við aðra nemendur og kennara
- fái tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni og vinna með margskonar efnivið í samvinnu við aðra nemendur og kennara
- verði færir um að meta stöðu sína í námi
- verði færir um að meta vinnu sína og samnemenda á gagnrýninn og jákvæðan hátt
- læri að taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum og temji sér sjálfsaga
- læri að tjá sig um skoðanir sínar og líðan án þess að særa aðra eða að ganga á rétt annarra
- beri virðingu fyrir umhverfi sínu

2.1.4 Leiðir

Með því að:

- vinna með lykilhæfni með öllum nemendum
- leggja rækt við það góða í manneskjunni
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- leggja áherslu á jákvæðan aga
- leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám m.a. með samvinnu, þemavinnu, blöndun hópa og flæðis milli námsgreina
- skipuleggja námið með mismunandi yfirferð námsefnis á misjöfnum tíma til að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur
- nemendur taki þátt í að setja sér raunhæf markmið í samvinnu við kennara og

forráðamenn

- nemendur taki þátt í að meta vinnu sína og verk
- vekja áhuga og virðingu nemenda fyrir umhverfinu sínu með öflugri umhverfismennt
- efla kennslu í lífsleikni frá upphafi skólagöngu nemenda
- þjálfa tjáningu og framsögn

Stefna skólans tekur einnig mið af Menntastefnu Reykjanesbæjar sem var samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar í september 2021 og gildir til 2030. Menntastefnan ber heitið „Með opnum hug og gleði í hjarta“ og er meginmarkmið hennar að skapa öllum börnum og ungmennum í Reykjanesbæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta. Menntastefnunni er skipt í þrjú leiðarljós sem einkenna allt starf með börnum í sveitarfélaginu en þau eru: „Börnin mikilvægust - Kraftur fjölbreytileikans - Faglegt menntasamfélag. Þá eru fimm megináherslur sem ná yfir þá eiginleika og hæfni sem stefnt er að til að þroska og efla hjá börnum í leik og starfi. Þessar áherslur eru: Við og jörðin – Sköpunargleði - Mér líður vel - Allir með - Opnum hugann (úr Menntastefnu Reykjanesbæjar 2021-2030).

2.2 Stjórnun

Stjórn skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar eldri og yngri deilda. Við skólann starfar náms- og starfsráðgjafi í 100% starfi. Ýmis teymi og nefndir kennara og þroskaþjálfar eru starfandi í skólanum sem halda utan um mismunandi málaflokka svo sem læsisteymi, umhverfis- og grænfánateymi, PBS teymi, eineltisteymi, jafnréttisnefnd, áfallateymi, hátíðarnefnd, viðburðanefnd, heilsu- og forvarnarteymi, o.fl. Í upphafi skólaárs er gefið út fundadagatal og eru settir inn starfsmanna-, kennara- og deildafundir. Fundadagar fyrir slíka fundi eru á miðvikudögum. Nemendaverndarráð er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, sérkennurum skólans, náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðingi, sálfræðingi og kennsluráðgjafa frá Menntasviði Reykjanesbæjar og fulltrúa frá Velferðarsviði Reykjanesbæjar. Ráðið fundar tvisvar í mánuði og hefur það hlutverk að vinna að velferðarmálum nemenda. Við skólann starfar skólaráð undir stjórn skólastjóra og fundar það reglulega. Einnig er starfandi foreldrafélag við skólann.

2.3 Nám og kennsla

Í Njarðvíkurskóla eru tíu árgangar og í öllum árgöngum eru tveir bekkir nema í 6. bekk, þar eru þrír bekkir í árgangi vegna fjölmennis. Í árgangi 5. bekkjar var

teymiskennslufyrirkomulag þar sem tveir kennarar kenndu árganginum saman og var það verkefni styrkt af Nýsköpunar- og þróunarsjóði Menntasviðs Reykjanesháskóla. Þá var einnig teymiskennsla í 4. bekk. Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á sveigjanlega kennsluhætti og er það viðurkennt að nemendur þurfa mislangan tíma til að ná settum markmiðum. Nemendur í 8.-10. bekk hafa sex tíma í valgreinum á viku og geta nemendur í 9. og 10. bekk geta einnig sótt tilteknar valgreinar í Fjölbreyttaskóla Suðurnesja en auk þess geta nemendur fengið íþróttaiðkun, tónlistarnám og starf með björgunarsveit metið sem val. Í list- og verkgreinum í 1.-7. bekk er bekkjum skipt í minni hópa auk þess sem nemendur í 5.-6. bekk fara í smíðjur þar sem list- og verkgreinar auk forritunar er kennd. Fjölval er í 1.-4. bekk þar sem nemendur blandast í hópa og vinna í fjölbreyttu vali og í 5.-7. bekk vinna nemendur með stuðningi kennara að áhugasviðsverkefnum tvær kennslustundir í viku.

2.4 Námsmat

Tilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem eiga að hjálpa nemendum við námið. Nauðsynlegt er að námsmat hafi hagnýtan tilgang sem kennarar og nemendur þurfa að vera meðvitaðir um því að allar kennslufræðilegar ákvarðanir um námsframvindu nemenda eru byggðar á mati. Námsmat þarf að vera fjölbreytt svo hægt sé að koma til móts við alla nemendur og er námsmat undirstaða aðgreiningar í kennslu svo hugsa þarf um það sem leiðarvísir í gegnum allt nám. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum með námið og aðstoða þá í því að ná markmiðum sínum. Námsmat á að veita nemendum og forráðamönnum þeirra upplýsingar um námsframvindu nemenda svo þeir geti skipulagt áframhaldandi nám sitt í samræmi við það. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu.

Fjölbreyttar námsmatsleiðir eru viðhafðar en með fjölbreyttu alhliða mati eru nemendur að yfirfara kunnáttu sína og ekki síður að bera ábyrgð á eigin námi sem er eitt af mikilvægum atriðum lykilhæfninnar. Með því að nemendur sjái tilgang með námi sínu verða þeir meðvitaðir um gildi þeirrar menntunar sem þeir verða aðnjótandi. Námsmat og endurgjöf er mjög stór þáttur í námi og sjálfsmynd nemenda og því verður að vanda vel framkvæmd þess. Mat er á vinnu nemenda allt skólaárið en með mati metur kennarinn færni nemanda í námi og starfi á sem fjölbreytilegastan hátt og getur þá í framhaldi veitt nemanda leiðsögn um hvernig hann getur bætt sig. Helstu áherslur í námsmati eru:

- verkefni, vinnubrögð og frágangur
- vinnusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- skil á heimavinnu
- kannanir og próf
- mat á hópavinnu, samstarf og samvinnu
- sjálfsmat nemenda og jafningjamat

Kennari heldur utan um skráninguna jafnóðum skráir námsmatið á Mentor og svo fá nemendur vitnisburðarblað á skólaslitum.

Nemendum sem eru með greiningu um náms- og/eða hegðunarraskanir er boðið upp á ýmiss konar stuðning við próftöku svo sem eins og að taka próf í fámennari hóp, með lengri próftíma eða lestar- og/eða skriftarstuðning. Tekið er tillit til mismunandi þroska, getu og bakgrunns nemenda þegar metið er.

Skólaárið er ein önn og fá nemendur formlegan vitnisburð á skólaslitum í lok hvers skólaárs. Nemendur fá þó óformlegan vitnisburð á samtalsdegi í janúar/febrúar þar sem farið er yfir það námsmat sem þá er lokið. Á samtalsdegi í október er farið yfir markmiðssetningu nemenda fyrir skólaárið auk þess sem forráðamenn og umsjónarkennari ræða um námslega og félagslega stöðu nemandans. Í byrjun maí fá nemendur mat á lykilhæfni þar sem umsjónarkennari auk annarra kennara sem koma að nemendum meta nemendur í eftirfarandi lykilhæfniflokkum: tjáning og miðlun, samvinna, skapandi og gagnrýnin hugsun, nýting miðla og upplýsinga, sjálfstæði, ábyrgð og mat á eigin námi.

Eftirlit með námsárangri er í höndum umsjónarkennara og deildarstjóra. Miklu máli skiptir að nemendur viti fyrir fram hvaða þættir verða metnir og til hvers skólinn ætlast af þeim. Útfærsla námsmats kemur fram í hverri grein í bekkjarnámskrá hvers árgangs einnig kemur það fram á Mentor hjá nemendum.

Einkunnir nemenda í 1. – 10. bekk eru gefnar á vitnisburðarblöðum í lok skólaárs. Hjá nemendum í 1.-4. bekk er vísað í sundurliðun á hæfnimati nemenda á Mentor í öllum fögum en lesfimi, lesskilningur, ástundun og umsögn koma fram á vitnisburðarblaði. Nemendur í 5.-9. bekk fá einkunn fyrir grunnfög, valfög (8.-9. bekkur), lesfimi, lesskilning og ástundun er gefin í tölum. Þar er einnig vísað í sundurliðun á hæfniviðmiðum á Mentor. Nemendur í 10. bekk fá einkunn í bókstöfum út frá matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Lesfímieinkunn er gefin í orð lesin á mínútu þar sem metin eru lestrarnákvæmni og leshraði. Nauðsynlegt er að hafa í huga að við lok grunnskóla þurfa

nemendur að geta lesið a.m.k. 180 orð á mínútu til að geta komist yfir það námsefni sem ætlast er til af þeim á framhaldsskólastigi. Stuðst er við viðmið í lesfimi frá Menntamálastofnun.

2.5 Agamál

PBS

Í skólanum er unnið eftir agakerfinu PBS (e. Positive Behavior Support) eða heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun. PBS er aðferð til að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Verkáætlun er í höndum teymis sem fundar reglulega undir handleiðslu teymissstjóra.

Stöndum saman gegn einelti

Njarðvíkurskóli vinnur eftir Stöndum saman gegn einelti sem er unnið í anda PBS agakerfinu. Nemendum er kennt að bregðast við áreiti með ákveðnu merki (bæði líkamstjáningu og orðum), ganga frá og síðast segja frá (hættu-gakktu-segðu frá). Unnið er markvisst að því að kenna nemendum og þjálfra í aðstæðum, sem þolanda, geranda og áhorfenda. Í skólanum starfar teymi sem hefur það verkefni að vinna að málum um grun um einelti. Teymið vinnur eftir samræmdum verklagsreglum Reykjanesbæjar sem aðgengilegir eru á heimasíðu skólans. Teymið skoðar sérstaklega niðurstöður í svörum nemenda í Skólpúlslinum varðandi einelti.

2.6 Starfsfólk og starfsmannastjórnun

Við skólann starfa 104 starfsmenn, þar af 29 kennarar, þrír sérkennarar, níu leiðbeinendur, fimm þroskaþjálfar, þrír sérfræðingar í Ösp, 44 almennir starfsmenn skóla, skrifstofustjóri, umsjónarmaður, bókavörður, umsjónarmenn frístundaskóla og starfsmenn frístundaheimilis, náms- og starfsráðgjafi, deildastjórar fyrir sérdeildirnar Björk og Ösp auk skólastjórnenda. Lögð er áhersla á gott samstarf alls starfsfólks og að allir starfsmenn stundi símenntun. Gerð er símenntunaráætlun fyrir hvert skólaár sem er hluti af skólanámskrá. Skólastjóri vinnur símenntunaráætlun út frá stefnu skólans og óskum starfsmanna sem fram koma m.a. í starfsmannasamtölum.

2.7 Foreldrasamstarf

Njarðvíkurskóli leggur áherslu á að góð samvinna takist á milli heimila og skóla. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og samábyrgð. Mikilvægt er að forráðamenn séu sáttnir við starf skólans og styðji það. Unnið er í nánun samstarfi við foreldrafélag skólans að því að efla samstarf milli heimila og skólans og er stöðugt verið að leita nýrra leiða til að styrkja samstarfið.

Við skólann starfar foreldrafélag og skólaráð. Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum í skólastarfinu s.s aðstoð við vorhátíð. Bekkjarfulltrúar/foreldrahópar koma að samstarfi við kennara að skipulagi að bekkjarskemmtunum. Skólaráð fundar reglulega undir stjórn skólastjóra. Skólaráð starfar eftir starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

2.8 Skólanámskrá

Skólanámskrá Njarðvíkurskóla er unnin af stjórnendum ásamt starfsfólki skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins og þær verklagsreglur sem þar gilda. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirmæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum. Í skólanámskrá er birt stefna skólans og áætlun um skólastarf næsta skólaárs sem byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins. Skólanámskrá Njarðvíkurskóla skiptist í fjóra hluta: Almennan hluta, starfsáætlun skóla, bekkjarnámskrár og starfsmannahandbók og er allir hlutar hennar fyrir utan starfsmannahandbókina birtir á heimasíðu skólans. Starfsáætlun skólanámskrár er endurskoðuð árlega en almennur hluti hennar er endurskoðaður á þriggja ára fresti. Á vormánuðum skólaársins 2021-2022 var farið í endurskoðun á skólanámskránni og var hún unnin og birt eftir þeirri endurskoðun haustið 2022. Hún mun því gilda frá 2022-2025.

2.9 Ytra mat Menntamálastofnunnar

Starf Njarðvíkurskóla var metið í nóvember 2019 með ytra mati. Matið unnu matsmenn á vegum Menntamálastofnunnar fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið er fyrst og fremst til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðsluyfirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla,

forráðamenn og nemendur. Matið er til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Þeir þættir sem skoðaðir eru í ytra mati eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Skólinn óskaði svo eftir úttekt á vinnu við skóla án aðgreiningar. Skýrslan í heild sinni er aðgengileg á heimasíðu skólans sem og umbótaáætlun sem unnin var út frá niðurstöðum. Á skólaárinu 2020-2021 kallaði Menntamálastofnun eftir hvernig til hafði tekist að framfylgja umbótaáætlun. Vegna aðstæðna í samfélaginu tókst ekki að uppfylla alla þætti umbótaáætlunar og þeir þættir færðir yfir á næsta skólaár. Í lok skólaárs 2021-2022 var mat á umbótaáætlun var tekin saman, skilað til Menntamálastofnunar og birt á heimasíðu skólans. Var umbótaáætlun skólans við ytra mati Menntamálastofnunar samþykkt að öllu leyti.

3 Viðmið um matið

Í Áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla kemur fram að viðmið við matið er stefna skólans ásamt skólastefnu Reykjanesbæjar. Eftirtalдар matsspurningar voru settar fram í sjálfsmatsáætlun Njarðvíkurskóla:

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
2. Eru kennsluaðferðir og mat á námi líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir?
3. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti líðan og umhverfi?
4. Fá forráðamenn stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

4 Sjálfsmatsaðferðir og matstæki

Sjálfsmat skóla felst í því að afla með skipulögðum hætti upplýsinga um ákveðna þætti skólastarfsins, gjarnan á grundvelli matsspurninga. Gæði starfsins eru síðan metin með því að bera niðurstöður saman við markmið eða viðmið. Á grundvelli matsins eru teknar ákvarðanir um breytingar til að bæta árangur, sett markmið og gerð framkvæmdaráætlun þar um.

Hér er lýst aðferðum Njarðvíkurskóla við mat á árangri skólastarfsins. Aðferðirnar eru greinandi og byggja á sjálfsmatsáætlun, skólanámskrá, könnunum sem hafa verið lagðar fyrir forráðamenn, starfsmenn og nemendur, niðurstöðum prófa og styrk- og veikleikagreiningum ásamt ýmsum athugunum, viðhorfskönnunum og tölfræðilegum upplýsingum um starfsemi skólans. Notuð er sú aðferð að innra mat, unnið á forsendum

skólans, styðst við ytra mat yfirvalda og utanaðkomandi aðila. Þetta tvíhliða mat ætti að auka trúverðugleika og stuðla að umbótum á því sem metið er.

4.1 Nemendakannanir

- **Skólapúlsinn** er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu. Gerð spurningarkvarða og forritun vefviðmóts hófst í byrjun árs 2008 og forprófanir fóru fram í apríl og maí það ár. Skólaárið 2008-2009 var fyrsta ár Skólapúlsins í notkun. Nú fá þátttökuskólar upplýsingar um stöðu nemenda sinna reglulega í línuritum. Grunnskólar víðs vegar á landinu eru skráðir í verkefnið en nemendur í 6.-10. bekk taka þátt. Nemendum í 6.-10. bekk er skipt í hópá sem taka könnunina á mismunandi tímum á skólaárinu, þ.e. í september, nóvember, janúar, mars og apríl. Niðurstöður eru birtar í stigum og prósentum. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Þegar niðurstöður úr hverri spurningu eru reiknaðar þá er það reiknað út í prósentum. Niðurstöður eru kynntar starfsmönnum jafn og þétt yfir skólaárið og verða kynntar nemendum á haustmánuðum næsta skólaárs af stjórnendum þar sem ekki gafst tími til þess á vormánuðum. Það er farið yfir hvaða áhrif starfsmenn og nemendur geta haft til að fá betri niðurstöður. Svörun í Skólapúlsinum í ár var 84,7% eða alls 188 nemendur.

- **Skólaþing unglingastigs** var haldið á skólatíma 13. og 14. febrúar. Nemendur unnu í hópum í hugmyndavinnu um hvað nemendur vilja sjá meira af í skólanum varðandi umhverfi skólans, kennsluhætti, námsumhverfið og félagslífið. Niðurstöður umræðunnar voru settar á Padlet vegg og varpað upp fyrir alla. Margar góðar hugmyndir komu og fór strax vinna í að framkvæma það sem hægt var. Aðrar hugmyndir þurfa meiri tíma og sumar eru ekki geranlegar.

- **Lesferill Menntamálastofnunnar** skiptist í eftirfarandi hluta:

- Lesfimi sem er markviss skráning á leshraða nemenda í 1.-10. bekk. Kennarar leggja fyrir nemendur lesfimiþróf í september, janúar og maí og færa niðurstöður þeirra inn í Skólagátt Menntamálastofnunnar sem eru aðgengileg stjórnendum.

Niðurstöður eru einnig færðar inn á Mentor svo þær séu aðgengilegar forráðamönnum.

- Lesskimun er lögð fyrir nemendur í 1. bekk til snemmtækrar íhlutunar þar sem skimunin veitir niðurstöður í þremur aðskildum færniþáttum en þeir eru hljóðkerfisvitund, bókstafir og hljóð og málþroski. Niðurstöður eru sendar forráðamönnum og unnið með niðurstöður markvisst í skóla og heima.
- Stuðningspróf sem kanna orðleysur og sjónrænan orðaforða eru markvisst lögð fyrir nemendur í 1. -10 sem ná ekki 90% viðmiðum (v1) í lesfimi sem Menntamálastofnun setur. Ef nemandi kemur út með veikleika miðað við jafnaldra þá er brugðist við með markvissri lesfimiþjálfun fram að næsta lesfimiþrófi. Niðurstöður eru settar á Mentor og eru þannig aðgengilegar forráðamönnum í gegnum fjölskylduvef Mentors. Þeir nemendur sem fara í stuðningspróf Lesferils fá einstaklingsverkefni sem þeir vinna í skóla og heima með aðstoð forráðamanna til að efla lesfærni.
- Matsrammi fyrir lesfimi tryggir að allir þættir lesfiminna séu kenndir og þjálfðir jöfnum höndum í lestrarnámi enda skipta þeir allir máli fyrir lestrarfærni nemanda. Hann veitir einnig nemendum og forráðamönnum upplýsingar og endurgjöf um stöðu nemandans lýsir vel hvað átt er við með hugtakinu lesfimi. Matsramminn skiptist í fjóra þætti: i) tjáningu, ii) sjálfvirkni lestrar/leshraða, iii) hljómfall og hendingar, iv) flæði. Með því að skoða matsrammann er auðvelt að átta sig á því hvað hver þáttur felur í sér og eins hver munurinn er á góðri eða slakri lesfimi. Ramminn sýnir glögg að leshraði og nákvæmni sem mæld eru í lesnum orðum á mínútum á lesfimiþrófi, gefa ekki fullnægjandi mynd af stöðu nemenda og að mikilvægt sé að kenna, þjálf og meta alla þætti lesfiminna. Góð lesfimi er ein meginforsendan fyrir góðum lesskilningi. Þess vegna er mikilvægt að kenna lesfimi markvisst með fjölbreytni í lestrarkennslu og þjálfun þar sem sjónum er beint að fleiri þáttum lesfiminna en einungis leshraðanum. Í maí er kennarinn búinn að meta alla þætti í matsrammanum hjá nemendum sem eru á milli viðmiða 1 og 2 í raddlestri (lesin orð á mínútu). Matsramminn er síðan sendur heim með vitnisburðablaði í maí.

- **Logos** – skimun lögð fyrir af kennsluráðgjöfum Menntasviðs Reykjanesbæjar fyrir nemendur í 6. og 9. bekk sem eru undir viðmiði tvö (v2) í lesfimi við lok 5. og 8. bekkjar. Niðurstöðum eru kynntar stjórnendum, kennurum og bréf sent rafrænt til forráðamanna. Niðurstöður eru nýttar til að skoða styrkleika og veikleika hvers nemanda bæði í leshraða og lesskilningi og til að sjá hvort nemandi þurfi frekari skoðun vegna lestrarörðugleika.

- **Talnalína 3., 6. og 8** - er stöðupróf í stærðfræði sem er lagt fyrir nemendur í 3., 6. og 8. bekk. Prófið er til þess fallið að fylgjast með framvindu stærðfræðinámsins og gefa kennurum og forráðamönnum tækifæri til að grípa inn í ef frammistaða er ekki viðunandi. Eftir að nemandinn hefur lokið við að taka alla efnisþætti prófsins þá er sent heim skjal

þar sem er búið að tilgreina hvaða atriði nemandinn svaraði rétt og hvaða atriði þarf að þjálfar betur. Prófið metur A, B og C hæfni í stærðfræði en viðmiðið er að nemendur nái B hæfni í öllum þáttunum. Ítarefni fylgir stöðuprófinu og ef nemandi nær ekki einhverjum ákveðnum þáttum þá fær hann aukþjálfun í þeim þáttum þar sem B hæfni náðist ekki.

- Námsmat í lok skólaárs er kynnt nemendum og forráðamönnum.

4.2 Starfsmannakannanir

- Starfsmannakönnun Skólapúlsins - rafræn könnun send á alla starfsmenn í mars þar sem kannað er almennt um starfið og starfsumhverfi, mat og endurgjöf og endur- og símenntun. Starfsmannakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir starfsmenn annað hvert skólaár. Svarhlutfall þetta skólaárið var 89,3% þar sem 92 starfsmenn svöruðu.

- Starfsmannasamtöl í mars/apríl. Greining á helstu styrkleikum og umbótaverkefnum sem fram koma í samtölunum. Niðurstöður nýttar í gerð Endur- og símenntunaráætlunar skólans.

- Kaffihúsafundur var í formi starfsmannabings, eins og Skólabingið sem var í janúar fyrir alla í skólasamfélaginu og skólabing nemenda unglingastigs sem var í febrúar. Þar voru ræddir þættir sem einkenna skólastarf í Njarðvíkurskóla og hvernig starfsmenn vilja sjá skólastarf þróast. Margar góðar ábendingar sem stjórnendur unnu með og flokkuðu í verkefni stjórnenda, kennara, sameiginleg og þau sem eru í framtíðaráætlun.

- Lærum hvert af öðru. Fagmenntaðir starfsmenn kynntu valin verkefni fyrir öðrum starfsmönnum á starfsmannafundum og starfsdögum.

- Stjórnendaheimsókn í kennslu. Allir stjórnendur fóru í heimsókn til kennara á haustönn, fylgdust með og gáfu endurgjöf og ráð eftir heimsóknina.

- Skýrslur teyma sem stýra afmörkuðum verkefnum innan skólans.

- Framkvæmdarmat á viðburðum skólaársins.

4.3 Foreldrakannanir

-Skólapúlsinn. Foreldrakönnun Skólapúlsins er rafræn könnun sem er send á úrtak foreldra í janúar. Mikilvægt er að svörun sé yfir 80% til þess að niðurstöður séu marktækar. Könnunin sem er lögð fyrir annað hvert ár og kannar nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf og heimastuðning. Fjöldi svarenda í foreldrakönnun Skólapúlsins á þessu skólaári var 101 eða svarhlutfall upp á 84,2%

-Skólakynningarfundir, samtalsdagar og foreldrasamstarf. Skólakynningar voru sendar rafrænt heim til forráðamanna eftir skólasetningu nema í 1. bekk en þar hittu kennarar og deildastjóri yngra stigs foreldra seinnipart dags. Samskiptadagar voru 13. október og svo 1. febrúar og voru þeir með hefðbundnu sniði. Forráðamenn gátu skráð viðtöl á Mentor og þeir sem óskuðu gátu fengið viðtal á Teams. Kennarar skiluðu mati á hvernig til tókst á samskiptadegi til deildastjóra.

- Viðhorfskönnun forráðamanna í tengslum við samtalsdag í febrúar og lögð fyrir forráðamenn nemenda í 3., 6. og 9. bekk. Forráðamenn svöruðu spurningum rafrænt á sal eftir viðtalið. Þeir sem ekki skráðu þar að hafa svarað fengu tengil sendan til að svara. Alls voru svör fyrir nemendur í 3. bekk 23 en 36 nemendur eru í árganginum. Í 6. bekk voru 50 svör en 58 nemendur eru í árganginum og í 9. bekk voru 30 svör en 41 nemandi er í árganginum.

5. Niðurstöður


Hér verður greint frá niðurstöðum úr þeim matstækjum sem skólinn styðst við í sjálfsmati skóla. Farið er yfir hverja matsspurningu fyrir sig sem sett var fram í upphafi og metnir styrk- og veikleikar. Einnig eru þau viðmið sem sett eru í skólanum tilgreind þar sem við á.

5.1 Stefnumörkun og stjórnun

Fyrsta matsspurningin er hvort skólinn hefði skýra sýn og styrka stjórnun.

Á matsdegi í febrúar 2023 svöruðu 88% forráðamanna því að þeir væru mjög eða frekar sammála um að vera ánægðir með stjórnun skólans sem er hækkun frá síðasta skólaári. Þá eru 88% forráðamanna mjög sammála eða frekar sammála því að skólastjórnendur séu áhugasamir um að bæta skólastarfið sem er einnig hækkun frá síðasta skólaári. Þá telja 88% forráðamanna að stefna og markmið sé kynnt með skýrum hætti sem hækkun frá

fyrri ári. Í ár eru hærra hlutfall forráðamanna sem svarar að það sé mjög ánægt heldur en frekar ánægt. Þá svara engir forráðamenn að þeir séu mjög ósammála í þessum spurningum.



Í starfsmannakönnun Skólapúlsins kemur fram að fagfólk upplifir faglegan stuðning stjórnenda í starfi og er það marktækt yfir landsmeðaltali eða 0,7. Helst eru það fagfólk á yngsta og elsta stigi sem upplifir faglegan stuðning stjórnenda. Þegar spurt er um stuðning við fagfólk vegna námserfiðleika þá er það rétt við landsmeðaltal en stuðningur vegna hegðunarerfiðleika er 0,3 yfir landsmeðaltali og hefur það hækkað frá síðstu könnun en þá var það undir 0,3 undir landsmeðaltali.


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,2	42	-0,1	5,3	843	-0,1
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,5	43	0,4	5,2	836	0,3
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,9	47	-0,1	5,2	928	0,7*

Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er marktækt yfir landsmeðaltali og ánægja foreldra með stjórnun skólans er rétt yfir landsmeðaltali en lækkar þó frá síðustu könnun.

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,6	96	0,2	5,1	5.366	0,5*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	91,3%	84/92	-5,1%	90,6%	4426/4894	0,7%


Flestir starfsmenn upplifa hlutverk þeirra sé skýrt, þeir viti hvaða væntingar og markmið eru, hvað fellur undir þeirra ábyrgð og til hvers er ætlast af þeim í starfi. Í Skólapúlsinum mælist skýrleiki hlutverks starfsmanna 5,1 sem er 0,4 yfir landsmeðaltali og eru bæði fagmenn og annað starfsfólk yfir landsmeðaltali, en annað starfsfólk er marktækt yfir landsmeðaltali.



Myndin sýnir niðurstöður kennarahópsins í samanburði við niðurstöður annars starfsfólks.

Þegar spurt er um ágreining í starfi, þ.e. hvort starfsmenn upplifi að þeir þurfi að gera eitthvað sem þeim finnst að þeir ættu að gera öðruvísi, séu falin verkefni án viðeigandi úrræða eða fái misvísandi verkbeiðnir þá er svörum á landsmeðaltali og rétt undir bæði hjá fagfólki og almennu starfsfólki. Það er neikvæð breyting frá síðustu könnun þegar svör voru marktækt undir landsmeðaltali.

1.3. Ágreiningur um hlutverk – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Ánægja með stjórnun skólans hjá forráðamönnum eykst milli ára samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar, sérstaklega í svörum forráðamanna í mjög ánægð.
- Faglegur stuðningur stjórnenda við fagfólk er marktækt yfir landsmeðaltali.

- Flestir starfsmenn telja að hlutverk sitt sé skýrt og sérstaklega aðrir starfsmenn s.s. stuðningsfulltrúar og almennir starfsmenn skóla þó báðir hópar eru yfir landsmeðaltali.
- Hækkun er á meðaltali í svörum starfsmanna um ágreining í starfi og er það nú við landsmeðaltal en í síðustu könnun var það vel undir meðaltali.
- Kennsluheimsóknir stjórnenda mældust vel fyrir og ánægja var með að hafa þær á haustönn skólaárins.


5.2 Kennsluaðferðir og mat

Í Njarðvíkurskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Samantekt úr kennsluáætlunum sýnir að kennsluaðferðir eru fjölbreyttar sem og námsmatsaðferðir. Í kennsluheimsóknum stjórnenda sem og við kynningar á verkefnum kennara kom fram fjölbreytileiki í námi nemenda og aukin áhersla á námsval nemenda eins og með áhugasviðsverkefnum bæði á miðstigi sem og í námsgreinum á elsta stigi.

Kennarar hafa verið að leggja aukna áherslu á leiðsagnarmat síðustu ár og í nemendakönnun Skólapúlsins er spurt um tíðni leiðsagnarmats. Spurningarnar sem liggja þar að baki eru:


- Kennararnir láta mig vita hve vel mér gengur í náminu.
- Kennararnir ræða við mig um það sem gengur vel hjá mér og hvað sem gengur illa hjá mér í náminu.
- Kennararnir segja mér hvað ég þarf að gera til að ganga betur í náminu.

Í niðurstöðum kemur fram að stúlkur í Njarðvíkurskóla eru marktækt yfir landsmeðaltali en strákar eru undir landsmeðaltali, þó ekki marktækt. Nemendur í 6. og 9. bekk eru marktækt yfir landsmeðaltali.



Síðustu ár hafa orðið miklar breytingar á námsmati í Njarðvíkurskóla og unnið að hæfnimiðuðu námsmati með áherslu á símat og fjölbreyttum matsverkefnum. Í upphafi skólaárs, fyrir vinnu á kennsluáætlunum voru kennurum á unglingastigi gefið frelsi að ákveða hvort nemendur færu í lokapróf í hverju fagi fyrir sig.

Í svörum forráðamanna varðandi kennslu og námsmat í viðhorfsskönnun í febrúar þá eru 97% forráðamanna mjög eða frekar sammála um að kennarar leggi metnað í góða kennslu. Varðandi árangur þá svara 86% forráðamanna að þeir séu mjög eða frekar sammála um að börnum séu sköpuð skilyrði til að ná árangri í námi í skólanum og 91% að skólinn hvetji nemendur til að skila góðum námsárangri.



Í svörum varðandi námsmat og aðferðir til námsmat þá eru 85% forráðamanna mjög eða frekar sammála um að námsmat gefi skýra námsstöðu barna en aðeins 76% forráðamanna telja kennara nota fjölbreyttar aðferðir við námsmat. Þar svöruðu 19% að hvorki né sem er mjög hátt hlutfall.


Í starfsmannakönnun Skólapúlsins er spurt um áherslu kennara í námsmati sem og kennsluaðferðir og koma þeir þættir jákvætt úr í samanburði við landsmeðaltal.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	78,3%	36/46	10,0%	78,1%	730/935	0,2%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	12,8%	5/39	0,6%	9,1%	79/867	3,7%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	60,9%	28/46	-4,2%	56,8%	524/922	4,1%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	31,1%	14/45	-4,6%	30,6%	277/906	0,5%
5.7. Hópavinnu í bekk	50,0%	21/42	7,9%	33,8%	291/862	16,2%*
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	57,8%	26/45	10,4%	50,0%	449/898	7,8%


Þar kemur fram áhersluaukning hjá kennurum á námsmat með öðru en prófum eða um 10% og þá sérstaklega á yngsta stigi.

5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum – Aldurstig



Þá er mikil aukning samkvæmt svörum kennara á því að þeir kenni öllum bekknum í einu eða noti hópavinnu sem kennsluaðferð og er það á kostnað einstaklingsvinnu nemenda. Hópavinnna sem kennsluaðferð í áberandi hjá öllum stigum nemenda.

5.7. Hópavinnna í bekk – Aldurstig



Á kynningum fagmenntaðra starfsmanna undir heitinu „Lærum hvert af öðru“ kom fram fjölbreytt verkefnavinnna sem og fjölbreytt námsmat. Kynningarnar mældust vel fyrir og vöktu athygli. Mikil fjölbreytni var í verkefnum sem voru kynnt.

Stjórnendur fóru í kennsluheimsóknir á haustönn skólaársins og mældist það vel fyrir. Í viðtölum sem stjórnendur áttu við kennara eftir heimsóknirnar lýstu nær allir kennara yfir ánægju með heimsóknirnar.


Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Kennarar eru að minnka notkun prófa sem námsmat og eru að nýta aðrar aðferðir. Þetta fer vel við áherslu á leiðsagnanám sem verður þróunarverkefni í skólanum næstu þrjú skólaár.
- Sóknarfæri er í kynningu á námsmati til forráðamanna og um aðferðir við námsmat.
- Kennsla fyrir allan bekkinn sem og hópavinna er að aukast sem kennsluaðferð á kostnað einstaklingskennslu.
- Misjafnt er eftir árgöngum hvernig nemendur upplifa leiðsagnarmat, þrír árgangar eru yfir landsmeðaltali og þarf af tveir marktækt yfir.
- Mikilvægt er að kennarar geri meira að því að nota leiðsagnarmat.
- Nemendur í 6. og 9. bekk koma vel út í tíðni leiðsagnarmats og upplifa sig vel upplýsta um sína námsstöðu. Mikilvægt er að vinna betur með nemendur í 7. bekk þar sem þeir eru undir landsmeðaltali.
- Nemendur í 10. bekk koma undir landsmeðaltali í tíðni leiðsagnarmats sem þarf að skoða þar sem þeir eru að fara yfir á næsta skólastig og mikilvægt að þeir séu vel upplýstir um sína stöðu í námi.
- Ánægja starfsmanna með kynningarnar „Lærum hvert af öðru.“

5.2.1 Lestrar- og stærðfræðiskimanir


Nemendur í 1. bekk taka lesskimun til snemmtækrar íhlutunar í október og er unnið með niðurstöður heima og í skóla í þeim þáttum sem koma ekki vel út hjá nemendum. Deildarstjóri yngra stigs sér um fyrirlögn prófanna ásamt umsjónarkennara og skipulag á vinnu í tengslum við niðurstöður. Allir nemendur í 1.-10. bekk taka lesfimipróf þrisvar sinnum yfir skólaárið, í september, janúar og maí. Niðurstöðurnar eru færðar inn í Skólagátt Menntamálastofnunnar sem heldur utan um niðurstöður fyrir alla skóla landsins og einnig eru niðurstöðurnar settar á Mentor. Nemendur fá niðurstöður í fjölda orða á mínútu. Menntamálastofnun setur svo þrjú viðmið í hverjum árgangi og miðað er við að 90% nemenda nái viðmiði 1, 50% nemenda nái viðmiði 2 og 25% nemenda nái viðmiði 3.

Niðurstöður nemenda í Njarðvíkurskóla við lok skólaárs 2023 eftir viðmiðum má sjá hér:



Í 1. og 2. bekk eru 57,5% til 58,4% nemenda á milli viðmiða 1 og 2 og 80% nemenda á milli viðmiða 1 og 3. Í 4. og 9. bekk eru 80% nemenda á milli viðmiða 1 og 3. Hlutfallslega eru flestir nemendur í 6., 7., 8. og 10. bekk undir viðmiðum en í þessum árgöngum eru rétt undir eða yfir 50% nemenda undir viðmiði 1 en hafa bætt sig lítilega frá síðasta skólári. 1. og 3. bekkur eru rétt undir landinu en 5. og 9. bekkur hafa bætt sig frá síðasta skólaári og eru núna rétt yfir landinu í meðaltali lesinna orða og viðmiða eftir árgöngum.

Hér má sjá meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum í Njarðvíkurskóla í maí 2023.



Kennsluráðgjafar frá Menntasviði Reykjanesbæjar leggja Logos skimun fyrir þá nemendur í 6. og 9. bekk sem eru undir viðmiði 2 í lok 5. og 8. bekkjar að vori áður til að skima nemendur og sjá hvaða nemendur þurfa að fara í heildar lestrargreiningu að hausti. Farið er yfir niðurstöður á fundum með umsjónarkennurum og stjórnendum.

Talnalína er stöðupróf sem er lagt fyrir nemendur í 3., 6. og 8. bekk. Umsagnir og mat kennara sem sáu um fyrirlögn;

- Ánægja með Talnalínu.
- Niðurstöður nemenda voru góðar - námsmatið var sett fram óundirbúið fyrir nemendur.
- Fyrirlögn í öllum árgöngum þyrfti að vera í janúar ekki fyrr.
- Hægt að nýta Talnalínu fyrir nemendur í sérkennslu og á þeirra forsendum.
- Ánægja með skjalið með hvernig skil eru til nemenda og forráðamanna og til Menntasviðs Reykjanesbæjar.

Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Allir kennarar vinna eftir Læsisstefnu Njarðvíkurskóla og nemendur taka lesfímipróf og lesskilningspróf með reglulegu millibili á skólaárinu. Niðurstöður lesfímiprófa eru settar inn á Skólagátt Menntamálastofnunnar sem vinnur úr niðurstöðum. Niðurstöður sýna að nemendur í 1. bekk eru að fara mjög vel af stað í skólagöngunni sinni og nemendur í 2. bekk sýna áfram framfarir.
- Margir nemendur í 6., 7., 8. og 10. bekk eru undir viðmiði 1. Mikilvægt að vinna markvisst með þá nemendur í lesfími.
- Mjög góður stuðningur er frá kennsluráðgjöfum Menntasviðs með skimunum, markvissum skilafundum og umræðu um úrræði fyrir nemendur.
- Í Logos skimun; Aðeins nemendur í 6. og 9. bekk sem höfðu ekki náð viðmiði 2 við lok síðasta skólaárs voru skimaðir til að greina frá þá sem þurfa að fara í heildargreiningu.
- Niðurstöður Talnalínu komu almennt vel út hjá nemendum í 3., 6. og 8. bekk. Nemendur og forráðamenn fá verkefni til að þjálf þá þætti sem barnið þeirra náði ekki B hæfni í. Kennarar nýta þessar niðurstöður í kennslu.



5.3 Starfsandi og líðan starfsmanna

Í starfsmannasamtölum var spurt um líðan og kemur þar fram að starfsmönnum líður almennt mjög vel. Starfsmenn svara fyrir viðtölin spurningarlista til undirbúnings. Í spurningunni um ánægju í starfi velja starfsmenn af kvarðanum 1-5 þar sem 1 þýðir slæmt en 5 mjög gott eða jákvætt. Meðaltal ánægju í starfi var 4,33 af svörum hjá 94 starfsmönnum. Niðurstöður eru aðeins lægri en á síðasta ári þegar meðaltalið var 4,44 en 48% starfsmanna svara með tölunni 5, 37% starfsmanna svara með 4, 15% með 3 en enginn með tölunum 2 eða 1.


Í Skólapúlseinum kemur fram að aukning er á vinnuálagi miðað við niðurstöður í starfsmannakönnun. Spurningarnar sem liggja þar að baki eru:

- Er vinnuálagið óreglulegt svo að verkefnin hlaðast upp?
- Þarftu að vinna á miklum hraða?
- Hefurðu of mikið að gera?

Niðurstaðan er hækkun frá 4,5 í 4,9 en landsmeðaltalið hækkar einnig úr 4,5 í 4,7. Helst mælist vinnuálag hjá fagmenntuðum á miðstigi.




Þá er einnig spurt út í starfsanda á vinnustað, hvort hann sé hvetjandi og styðjandi, hvort hann einkennist af tortryggni og vantrausti eða sé afslappaður og þægilegur. Niðurstöður eru fyrir neðan landsmeðaltal eða 4,8 en landsmeðaltal er 5,1. Í síðustu könnun var landsmeðaltal 5,4 en niðurstöður Njarðvíkurskóla voru 5,7 svo breyting frá 2021 og til 2023 er neikvæð um 0,9 stig.




Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

Séu niðurstöður skoðaðar út frá miðsmunandi hópum starfsmanna þá er það helst fagmenntaðir á elsta og miðstigi sem mælast fyrir neðan meðallag.




Myndin sýnir niðurstöður kennarahópsins í samanburði við niðurstöður annars starfsfólks.




Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

Leikni í starfi mælist marktækt yfir landsmeðaltali (um 0,3 stig) og er það bæði hjá kennurum sem og almennu starfsfólki. Þar er spurt um mat á gæðum vinnunar, ánægju með afköst sem og færni til að leysa vandamál í starfi. Þá kemur fram í mati fagmenntaðra starfsmanna að þeir hafa mikla trú á eigin getu og er mismunur marktækt yfir

landsmeðaltali eða um 0,6 stig. Það breyting um 0,5 stig frá síðustu könnun sem var árið 2021. Það mælast hæst kennarar á mið- og elsta stigi.




Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.



Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

Eins og í starfsmannakönnun Maskínu í fyrra sem var ekki lögð fyrir á þessu ári þá kemur fram í starfsmannakönnun Skólapúlsins að einhverjir starfsmenn upplifa kynferðislega áreitni og að aðrir starfsmenn séu lagðir í einelti þó enginn svari að hann sjálfur verði fyrir einelti. Þá kemur einnig fram í Skólapúlsinum marktækt að starfsmenn upplifa mismunun á vinnustað, bæði úr frá mismunandi kynjum og aldri. Þetta kemur fram bæði hjá fagmenntuðum sem og almennum starfsmönnum og á öllum kennslustigum fagmenntaðra.



Myndin sýnir niðurstöður kennarahópsins í samanburði við niðurstöður annars starfsfólks.

Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Í starfsmannasamtölum kemur fram að almennt líður starfsmönnum vel en lækkar lítillega milli ára.
- Aukning er á álagi í vinnu hjá fagmenntuðum og þá sérstaklega á miðstigi. Hjá almennum starfsmönnum er vinnuálag við landsmeðaltal. Mikilvægt að greina betur álag hjá miðstigs kennurum og styðja við.
- Niðurstöður á könnun á starfsanda sýna lækkun og mælist það nú undir landsmeðaltali. Helst eru það fagmenntaðir á mið- og elsta stigi sem upplifa ekki góðan starfsanda. Á móti kemur fram í starfsmannasamtölum að 46 starfsmenn af 94 sem svara spurningalista fyrir viðtalið meta samskipti og starfsanda með tölunni 5 sem er hæsta mat. Rætt á starfsmannafundi í lok skólaárs að vinna sama að því að bæta starfsanda.
- Leikni í starfi mælist hátt hjá bæði fagmenntuðum sem og almennum starfsmönnum sem er mjög jákvætt. Einnig meta fagmenntaðir sig hátt í færni í starfi og þá helst fagmenntaðir starfsmenn á mið- og elsta stigi.
- Of margir starfsmenn upplifa mismunum á vinnustað, bæði milli kynja sem og vegna aldurs. Það er mikilvægt að stuðla að því að uppræta mismunum á vinnustaðnum og í samtali á starfsmannafundi í lok skólaárs var mikill vilji starfsmanna til þess.
- Einhverjir starfsmenn svara því að þeir verði varir við einelti á vinnustaðnum sem og kynferðislegt ofbeldi. Rætt var við trúnaðarmenn sem og mannauðsstjóra Reykjanesbæjar varðandi ráð til að vinna gegn því að slíkt eigi sér stað á vinnustaðnum. Þá voru starfsmenn hvattir til að kynna sér þá verkferla sem eru hjá Reykjanesbæ og að leita ávallt aðstoðar ef slíkt kemur upp. Á starfsmannabíngi í lok skólaársins var einnig komið með hugmynd að því að starfsmenn gætu komið með nafnlausar ábendingar.


5.4 Nemendur – árangur og líðan

Þeir þættir sem spurt er um í nemendakönnun Skólapúlsins eru virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Einnig er nemendum gefin kostur á því að koma með athugasemdir í opin svör, bæði um það sem þeir eru ánægðir með og það sem þeir vilja sjá öðruvísi í skólastarfinu.


1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,3	164	0,0	4,3	18.805	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	4,7	167	-0,2	4,4	18.898	0,3*
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,5	167	-0,1	4,7	19.161	0,8*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,5	166	0,0	4,4	19.153	0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,8	167	0,2	4,3	18.885	0,5*
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,5	167	0,1	4,8	19.102	0,7*



Ánægja nemenda af lestri stendur í stað milli ára en síðustu ár hefur ánægjan verið fyrir neðan landsmeðaltal. Mikill munur er á ánægju á lestri milli drengja og stúlkna en stúlkur mælast rétt fyrir ofan landsmeðaltal en drengir rétt fyrir neðan. Nemendur í 6. bekk mælast hæst eða í 5,1 en nemendur í 7. og 9. bekk mælast lægst eða í 3,7-3,8. Ekki er marktækur munur á milli matshópa eftir því hvenær á skólaárinu nemendur svara.





Nemendur koma marktækt yfir á matsþættinum þrautseigja í námi eða um 0,3 stig. Þar eru stúlkur marktækt yfir landsmeðaltali en strákar rétt yfir. Sé árangramunur skoðaður þá eru nemendur í 9. bekk marktækt yfir, 6. og 10. bekkur vel yfir en 7. og 8. bekkur rétt undir landsmeðaltali.



Svör fyrir trú á eigin vinnubrögð í námi og eigin námsgetu eru bæði marktækt yfir landsmeðaltali og hækka frá síðustu könnun. Bæði strákar og stelpur eru marktækt yfir á þessum þáttum.




Ef skoðað er munur á árgöngum innan skólans þá eru nemendur í 6. og 9. bekk marktækt yfir á báðum þáttum og 10. bekkur í trú á eigin vinnubrögðum.




Áhugi nemenda á stærðfræði er áfram vel yfir landsmeðaltali og er skólinn hæsti punktur í meðaltali meðal skóla með yfir 320 nemendur í 1.-10. bekk. Bæði stúlkur og strákar eru marktækt yfir og allir árgangar eru vel yfir landsmeðaltali.

1.3. Áhugi á stærðfræði – Árgangamunur*



Áhugi nemenda á náttúrufræði hefur farið lækkanði síðustu ár og er núna rétt yfir landsmeðaltali. Þó eru nemendur í 9. bekk marktækt undir landsmeðaltali.

1.4. Ánægja af náttúrufræði – Árgangamunur*



Í öðrum hluta nemendakönnunar Skólapúlsins er spurt um líðan og heilsu.

2. Líðan og heilsa


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsáliti	4,2	167	-0,2	4,2	18.810	0,0
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,2	167	0,0	4,2	18.779	0,0
2.3. Vellíðan	4,3	167	0,0	4,3	18.993	0,0
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	50	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,8	167	0,0	5,8	18.957	0,0
2.6. Tíðni eineltis	18,7%	31/166	6,8%	15,0%	2925/18895	3,7%
2.7. Staðir eineltis	-	28	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	46,7%	78/167	-5,4%	44,8%	8301/18484	1,9%
2.9. Holt mataræði	4,6	167	0,2	4,6	18.662	0,0

Í þáttum könnunarinnar sem falla undir líðan og heilsu eru niðurstöður svipaðar á síðasta ári. Rétt við landsmeðaltal í sjálfsáliti, stjórn á eigin lífi og vellíðan.

Tíðni eineltis mælist mjög há í nemendakönnun Skólapúlsins og hækkar frá síðasta skólaári, er núna 18,7% en síðustu ár hefur tíðni eineltis verið undir landsmeðaltali. Þetta

er ekki í samræmi við tilkynnt mál til eineltissteymisins né í takt við upplifun umsjónarkennara. Svipað hlutfallt stráka og stúlkna svara að þau hafi á síðustu 30 dögum verið lögð í einelti en aðeins ein spurning er undir í þessum þætti.

2.6. Tíðni eineltis – Ársmeðaltöl




Í foreldrakönnun Skólaláupsins spurt um umfang eineltis og ánægja foreldra með vinnu við eineltismál í matsþættinum velferð nemenda.

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	16	-	-	-	-
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,4	16	-0,2	1,4	1.015	0,0
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	79,7%	51/64	-2,8%	73,3%	2188/2951	6,4%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	60,0%	9/15	16,2%	50,3%	443/891	9,7%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	71,4%	10/14	4,7%	52,4%	476/906	19,0%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	10,5%	10/95	-2,8%	10,5%	559/5309	0,0%

Þar kemur fram lækkun frá síðust könnun í umfangi eineltis í skólanum að mati foreldra svo ekki er samræmi í upplifun nemenda og foreldra.

2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl




Í foreldrakönnun Skólalúpsins undir velferð nemenda kemur fram að niðurstöður eru rétt undir landsmeðaltali í mati foreldra á líðan nemenda.


2. Velferð nemenda

Matsþættir ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,0	90	0,0	4,6	4.870	0,4*
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	86,5%	77/89	-3,4%	86,2%	4404/5085	0,3%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	87,2%	82/94	-2,7%	89,1%	4806/5370	-1,9%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	89,5%	85/95	-3,8%	89,5%	4786/5338	0,0%
2.5. Líðan nemenda í frímínúttum að mati foreldra almennt	86,8%	79/91	-0,7%	87,7%	4660/5296	-0,9%

Í viðhorfskönnun foreldra í 3., 6. og 9. bekk þá kemur fram að 88% forráðamanna upplifa að barninu þeirra líður vel í skólanum og 86% forráðamanna segja að samskipti milli nemenda eru góð sem er hækkun frá fyrra ári. Þá segja 69% forráðamanna að skólinn taki af festu á aga- og eineltismálum en 7% eru því frekar ósammála.



Tíðni hreyfingar lækkar frá fyrra ári en er enn rétt yfir landsmeðaltali. Stúlkur eru þó marktækt yfir landsmeðaltali og séu árgangar skoðaðir þá eru 6., 9. og 10. bekkur yfir landsmeðaltali en nemendur í 7. og 8. bekk vel undir landsmeðaltali.




Í þriðja þætti Skólapúlsins er spurt um skóla- og bekkjaranda.


3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,8	166	-0,2	4,7	18.627	0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	5,2	165	0,2	4,7	18.844	0,5*
3.3. Agi í tímum	5,0	165	0,3	4,8	18.801	0,2*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	166	-0,4	4,8	18.741	0,4*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,0	165	-0,1	4,8	18.759	0,2*


Í þáttum er varða skóla- og bekkjaranda eru niðurstöður marktækt yfir landsmeðaltali í nær öllum þáttum. Samband nemenda við kennara og virk þátttaka nemenda í tímum mælist hátt og þar eru nær allir árgangar að mælast yfir landsmeðaltali en 6., 9. og 10. bekkur hæst.



3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum – Árgangamunur*



Ágætlega gekk að vinna eftir PBS agastefnu skólans á skólaárinu og voru litadagar endurvaktir sem og samkeppni um nýja hrósmiða. Í skýrslu PBS teymisins í lok skólaárs kemur fram að mikilvægt sé að fara í meiri fræðslu fyrir starfsmenn og var ánægja með fræðsluna sem var í starfsmannaferð á vormánuðum. Í viðhorfskönnun til foreldra í febrúar kemur fram að 82% foreldra er mjög eða frekar ánægt með agakerfið og 61% foreldra svara mjög eða frekar að agakerfið hafi áhrif á hegðun barnsins síns. Þar eru einnig 35% sem svara hvorki né sem er frekar hátt hlutfall.



Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:


- Áhugi nemenda á lestri mælist á landsmeðaltali og hefur lestrarteymi skólans unnið markvisst að því að efla áhuga nemenda á lestri, t.d. með verkefnum eins og Skólaslit og verkefnum í samtarfi við bókasafn skólans.
- Áhugi nemenda á stærðfræði er frábær og eru allir árgangar skólans yfir landsmeðaltali auk þess sem bæði strákar og stelpur eru marktækt yfir landsmeðaltali.
- Ánægja á náttúrufræði hækkar lítillega en breyting á kennsluháttum var í náttúrfræði á unglingastigi á síðasta skólaári. Frekari breytingar eru framundan

þar sem kennari í faginu er að vinna í samráði við nemendur á kennsluháttum og röðun námsefnis.

- Styrkleiki að nemendur mælast marktækt yfir landsmeðaltali í þrautsegja í námi, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu.
- Tíðni eineltis er að hækka milli ára í könnun meðal nemenda en lækkar í könnun meðal foreldra. Niðurstöður á tíðni eineltis meðal nemenda og foreldra samsvarar sér engan veginn við tíðni tilkynnta eineltismála. Sóknarfæri er í umræðum með nemendum um hvað er einelti og á verkferli skólans á eineltismálum.
- Ánægja hjá foreldrum á vinnu við eineltismál, bæði varðandi eineltisáætlun skólans, úrvinnslu og hraða á vinnu við mál sem upp koma,
- Mat forráðamanna á liðan nemenda er hækkar milli ára í viðhorfskönnun sem lögð er fyrir forráðamenn í 3., 6. og 9. bekk en stendur í stað í foreldrakönnun Skólapúlsins þar sem úrtak foreldra úr öllum árgöngum tekur þátt.
- Nemendur eru að upplifa góðan skóla og bekkkjaranda. Allir þættir í þeim hluta nemendakönnunar eru yfir landsmeðaltali og allir marktækt yfir nema samsömun við nemendahópinn.
- Ánægja með vinnu PBS teymisins og unnið að verkefnum til að auka athygli að jákvæðri hegðun nemenda. Litadagar endurvaktir eftir takmarkanir vegna Covid19 og farið í frekari fræðslu til starfsmanna. Sóknarfæri í vinnu við PBS á næstu árum í frekari fræðslu til starfsmanna og nemenda. Vinna við nýja hrósmiða og að agakerfið taki meira pláss í skólastarfinu.
- Flestir þættir í liðan og heilsu við landsmeðaltal. Í skýrslu heilsu- og forvarnarteymis skólans verður megináhersla á nemendur á næsta skólaári, þ.e. að efla nemendaryðræði og þátttöku nemenda. Þemadagar á vorönn verða tileinkaðir vinnu við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í verkefni skólans að innleiðingu á heilsueflandi grunnskóla.


5.5 Upplýsingastreymi

Niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra sýna að 89% forráðamanna eru mjög eða frekar sammála um að upplýsingarflæði frá skóla er gott en 5% eru mjög eða frekar ósammála sem eru svipaðar niðurstöður og á síðasta skólaári.




Í foreldrakönnun Skólapúlsins eru foreldrar spurðir hversu vel þeir eru upplýstir um stefnu skólans og námskrá. Niðurstöður eru vel yfir landsmeðaltali og það á við öll stig skólans, yngsta, mið og elsta stig.

4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá – Ársmeðaltöl




Í starfsmannakönnun Skólapúlsins er upplýsingamiðlun til foreldra mæld og þar kemur fram að hún er mest á yngsta og miðstigi en marktækt undir landsmeðaltali á elsta stigi.

5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra – Aldurstig*




5.5.1 Samskipti við forráðamenn

Í viðhorfskönnun forráðamanna í febrúar 2023 eru 88% þeirra mjög eða frekar sammála því að skólinn taki tillit til athugasemda og óska forráðamanna. 100% þeirra treysta starfsfólki skólans mjög vel eða vel sem eru hærri niðurstöður en á síðasta skólaári. Þá svara 90% forráðamanna að skólinn njóti virðingar í samfélaginu. Jákvæðar niðurstöður við spurningunni um hvort forráðamenn upplifi sig vera velkomna í skólann hækka frá því á síðasta skólaári en 96% eru mjög eða frekar sammála því að upplifa sig velkomna í skólann. Nær allir forráðamenn upplifa að þeir fylgist vel með námi barnanna sinna eða 98% eru því mjög eða frekar sammála.




Í ár spurðum við forráðamenn í 6. og 9. bekk hvaða leið forráðamenn nota til að fylgjast með námi hjá barninu sínu. Flestir nota Mentor til þess en einnig í gegnum samskipti við barnið og kennara. Fæstir fylgdust með námi barnsins í gegnum heimanám en þetta eru sambærilegar niðurstöður og á síðasta skólaári.



Samtalsdagar eru tvisvar sinnum á skólaárinu. Forráðamenn bóka viðtal hjá kennara í gegnum Mentor og mæta til viðtals í skólann. Einnig var í boði að fá viðtal í gegnum samskiptaforritið Teams ef forráðamenn komast ekki á staðinn. Forráðamenn nemenda með annað tungumál en íslensk voru boðaðir til viðtals í skóla með túlki.

Í foreldrakönnun Skólapúlsins var spurt út í ánægju foreldra með síðasta samtalsdag og eru svörin yfir landsmeðaltali. Ef skoðað er mismunandi stig nemenda, yngsta, mið og elsta stig þá eru öll stig yfir landsmeðaltali en elsta stig þó mest eða 100% ánægja með síðasta samtalsdag.

4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal – Árgangar



Í haust var eins og síðustu ár skólakynningar sendar heim rafrænt og hefur það mælst vel fyrir. Heim en sá háttur var einnig hafður skólaárið áður og mæltist það vel fyrir. Gott samstarf er milli skólans og stjórnar foreldrafélagsins og sitja fulltrúar foreldrafélags skólans í skólaráði sem fundar undir stjórn skólustjóra 4-5 sinnum á hverju skólaári og hefur þar áhrif á ýmsa þætti tengda skólastarfi. Fundagerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu skólans.

Samantekt á styrkleikum og sóknarfærum:

- Stöðugleiki er í jákvæðri upplifun forráðamanna á upplýsingarstreymi frá skóla og í svörum varðandi upplýsingamiðlum varðandi stefnu skólans og námskrár þá er það vel yfir landsmeðaltali.
- Nær allir forráðamenn upplifa að þeir séu velkomnir í skólann samkvæmt viðhorfsskönnun og allir forráðamenn svara að þeir treysti starfsfólki skólans.
- Upplýsingamiðlun frá skóla að mati starfsmanna er góð og yfir landsmeðaltali. Helst er þó sóknarfæri að bæta á elsta stigi samkvæmt niðurstöðu starfsmannakönnunar Skólapúlssins.
- Rafrænar skólakynningar eru að mælast vel fyrir hjá forráðamönnum og starfsfólki skólans og er það fyrirkomulag komið til að vera.
- Framkvæmd á samtalsdeginum tókst vel og eru forráðamenn ánægðir með viðtalið.
- Gott samstarf er við stjórn foreldrafélagsins og virkt skólaráð.

6. Framkvæmdarmat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Viðburður:	Hverjir meta:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Deildarstjórar	Skólasetning 22. ágúst var skipt niður í fjögur skipti í á sal skólans og síðan fóru nemendur í 2.-10. bekk með umsjónarkennurum í heimastofur en nemendur í 1. bekk voru á sal. 2.-3. bekkur kl. 9:00, 4.-5. bekkur kl. 10:00, 6.-7. bekkur kl. 11:00, 8.-10. bekkur kl. 12:00 og 1. bekkur kl. 13:00. Forráðamenn voru velkomnir. Skólasetning tókst vel.
Skólakynningar	Kennarar	Skólakynningar voru í heimastofum á skólasetningardegi og var mikil ánægja með þær. Skólakynningarnar voru síðan sendar rafrænt heim til forráðamanna 23. ágúst.
Samfella á milli skólastiga/ Brúum bilið	Deildastjóri yngra stigs	Gagnkvæmar heimsóknir elstu nemenda á leikskólanum Gimli og 1. bekk voru reglulegar allt skólaárið. Allir leikskólar í Reykjanesbæ fengu boð um heimsókn í skólann með tilvonandi nemendum Njarðvíkurskóla. Það komu nemendur fá öllum leikskólunum í heimsókn 16. maí og fengu kynningu á skólanum sem var mjög skemmtilegt. Þessi samfella á milli skólastigana er bæði mikilvæg og dýrmæt fyrir alla.
Samtalsdagar í október og febrúar	Deildarstjórar	Samtalsdagar 13. október og 1. febrúar. Forráðamenn bókuðu viðtöl í gengum Mentor og fóru viðtölin fram í heimastofum nemenda. Einnig gátu forráðamenn óskað eftir viðtali í gegnum Teams. Ef forráðamenn óskuðu eftir viðtali við fag-, list- og verkgreinakennara sem einnig eru til viðtals þennan dag, þá er haft samband við skrifstofustjóra skólans sem bókaði viðtölin. Allir kennarar skrá umsagnir um sína námshópa fyrir samtalsdagana. Nemendur svöruðu með frráðamönnum rafrænni könnun um líðan fyrir viðtalið í október. Könnun um líðan og umsagnir kennara er grunnurinn að viðtölum á samtalsdögunum.

Dagur íslenskrar tungu	Allir starfsmenn skólans	Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur á sal skólans 16. nóvember, fyrir 1.-6. bekk kl. 8:25-9:30 og 7.-10. bekk kl. 10:00-11:00. Nemendur í 1., 2., 4., 6., 9. og 10. bekk voru með atriði ásamt nemendum af leikskólanum Gimli. Nemendur sungu, lásu upp ljóð og margt fleira. Almenn ánægja var með viðburðinn.
Læsisvika í september	Læsisteymi	Læsisvika 1.-8. september: Áhersla á lestrarhvat og áhugasvið nemenda, aðgengi að lestrarefni á fjölbreyttu formi þannig að nemandinn hafi val um hvað hann les, hvenær og hvernig. Einnig áhersla á virka hlustun bæði heima og í skólanum. Minntum á að allir þurfa að vera góðar fyrirmyndir og lögð áhersla á að nýta nestistímann í lestur. Með þessu sniði er markmiðið að vekja áhuga og efla lesturinn í upphafi skólaársins.
Upplestur rithöfunda í nóvember og desember	Deildarstjórar	Bjarni Fritz rithöfundur var með upplestur á sal 21. nóvember úr bók sinni Orri óstöðvandi og Salka fyrir 4.-7. bekk. Vilborg Sævarsdóttir með upplestur á bókasafni skólans 2. desember fyrir nemendur í 1. bekk. Sjöfn Sóley Guðlaugsdóttir með upplestur 5. desember í heimastofum nemenda í 2. bekk. Gunnar Helgason rithöfundur var með upplestur á sal 6. desember úr bók sinni Bannað að ljúga fyrir nemendur í 3.-6. bekk. Kjartan Atli rithöfundur með upplestur úr bók sinni Lóa og Börkur: Langskot í lífsháska fyrir nemendur í 7.-10. bekk á sal.
Jólafondurdagur, jólalegur dagur og hátíðarmatur.	Deildarstjórar	14. desember var jólafondurdagur þar sem nemendur föndruðu jólaskraut, kort o.fl. Starfsmenn komu í einhverju jólalegu t.d. jólapeysum, með jólahúfur eða jólaglingur eða í jólalegum litum. Hátíðarmatur var á sal skólans þar sem starfsmenn skólans báru fram matinn og voru í einhverju jólalegu. Nemendur í nemendafélaginu og í 10. bekk aðstoðuðu við að skreyta salinn.
Jólahátíð Njarðvíkurskóla	Hátíðarteymi	Jólahátíð Njarðvíkurskóla 20. desember var aflýst vegna mikillar ófærðar og slæmrar veðurspár. Ákvörðunin um að aflýsa jólahátíðinni var tekin í samráði við fræðslufirvöld í Reykjanesbæ. Helgileikurinn var tekinn upp í Njarðvírkirkju og

		sýndur rafrænt í stofum. Ánægja með þetta fyrirkomulag.
Læsisvika í janúar	Læsisteymi	Læsisvika 13.-20. janúar: Þema vikunnar var Þorrinn og fann læsisteymið til ýmis verkefni og hvatti kennara að nýta bókasafnið. Áherslan var eins og alltaf að hvetja nemendur til að lesa meira og setti teymið það í hendur kennara að nýta lestrartengd verkefni eða annað til að efla áhuga á lestri. Læsisvikunni lauk á bóndadegi 20. janúar og voru allir í skólum hvattir til að mæta í ullarpeysu, ullarhúfu eða í einhverju úr ull (ullarþema). Læsisteymið var búið að skipuleggja keðjudans um allan skólann og söng (Þorraþráll). Landinn á RUV tók þátt í þessum degi með okkur og sýndi svo afraksturinn 29. janúar í Þættinum Landanum. Læsisvikan heppnaðist einstaklega vel.
Öskudagur	Allir starfsmenn	Öskudagurinn var haldinn á hefðbundinn hátt 22. febrúar. Nemendur í 1.-5. fóru á milli fimm stöðva sem voru bæði í skólanum og íþróttahúsinu. En nemendur í 6.-10. bekk gátu valið á milli níu stöðva sem voru í stofum og á sal. Dagskráin byrjaði kl. 8:15 og var til 11:15. Dagurinn var mjög skemmtilegur og gekk vel.
Upplestrarkeppnin hjá 7. bekk	Deildarstjóri eldra stigs	Keppnin var haldin á sal 21. febrúar og gekk vel. Almenn ánægja var með framkvæmd og ásýnd keppninnar. Dómarar voru Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fyrrum skólastjóri Njarðvíkurskóla.
Þemadagar	Deildarstjórar	Þemadagar 24.-25. janúar - Að ferðast um heiminn. Skipulag var á þann veg að hver bekkur dró ákveðið land til að vinna með og var áhersla á t.d. fánann, matarmenningu, tungumál, dans, frægt fólk eða dýr o.þ.h. Seinni þemadaginn kl. 12:40 var sýning fyrir forráðamenn og aðra gesti á afrakstri þemadagana. Á sal var stórt heimskort, orðin góðan daginn á mörgum tungumálum og þjóðfánar landanna sem var verið að vinna með. Í skólastofum voru myndbönd/glærur rúllandi og tónlist frá hverju landi. Útbúið var boðskort á sýninguna og leiðarvísir fyrir gesti um hvað er að gerast í hverju rými í

		skólanum. Frábærir þemadagar þar sem allir voru mjög áhugasamir og virkir.
Árshátíð	Hátíðarteymi	Árshátíð skólans var haldin hátíðleg 24. mars og var þemað Disney. Áshátíðin var mjög vel skipulögð og frábær í alla staði. Forráðamenn og aðrir í skólasamfélaginu hafa bæði lofað og hrósað þessum skemmtilega viðburði mikið. Sjá tillögur frá nefndinni fyrir næstu árshátíð „Að árshátíð lokinni“.
Litla upplestrarkeppnin hjá 4. bekk	Deildarstjóri yngra stigs	Litla upplestrarkeppnin hjá 4. bekk var haldin á sal 5. maí. Nemendur í 3. bekk, forráðamenn og aðrir gestir voru áhorfendur. Keppnin var mjög hátíðleg, vel skipulögð og gekk allt mjög vel.
Dagur stærðfræðinnar	Stærðfræðikennarar	Dagur stærðfræðinnar var haldinn 14. mars. Allir kennarar voru hvattir til að vinna að stærðfræðilegum viðfangsefnum og horfa til þess að stærðfræði má sjá í flestum viðfangsefnum ef sett eru upp stærðfræðigleraugun. Það væri gaman að setja upp stærðfræðiþrautir í skólanum bæði fyrir yngra og eldra stigið og draga úr réttum svörum og veita viðurkenningu.
Íþróttadagur	Íþróttakennarar	Íþróttadagurinn var 19. maí og var skipulag í höndum íþróttakennara. Dagskráin var tvískipt, 1.-5. bekkur og 6.-10. bekkur. Skemmtilegur dagur. Keppni milli kennara og nemenda var frestað fram til 2. júní.
Vorferðir og útinám í maí og júní	Allir starfsmenn	Allir bekkir fóru í vorferðir 3. maí, 31. maí, 1. og 2. júní. Mikilvægt að panta rútur snemma fyrir árganga sem fara í ferðir utan svæðis. Margir árgangar voru með sínar ferðir í nærumhverfi skólans sem gekk frábærlega og var ánægja með það. Dagana 1. og 2. júní var skipulagt útinám fyrir árgangana sem ekki voru í ferðum. Kennarar skila til deildarstjóra skipulagi varðandi útinámið.
Hátíðarkvöldverður	Skólastjórn	Hátíðarkvöldverður fyrir nemendur í 10. bekk var haldinn kl. 17:30 13. maí. Fulltrúar forráðamanna í 10. bekk sáu um skipulagningu á kvöldverðinum og var maturinn aðkeyptur. Nemendur settu saman myndbönd. Öllum starfsmönnum var boðið að skrá sig á kvöldverðinn.

Vorhátíð nemenda	Allir starfsmenn	Fjölbreytt dagskrá var skipulögð á skólalóðinni. Á hátíðinni 5. júní var m.a. skrúðganga, leikir um alla skólalóð, sáupubolti, dans, pokahlaup o.fl. Danssýning frá Danskompaní í boði foreldrafélagsins. Litahlaupið er alltaf vinsælt og gekk það einstaklega vel. Hátíðin gekk vel og var skipulagið gott. Mikilvægt að heyra tímalega í Brunavörnum Suðurnesja og lögreglu. Útbúa þarf duft fyrir litahlaupið með góðum fyrirvara en þetta árið nýttum við skertan dag sem var 17. maí í að útbúa duftið og áttum við þá nokkra daga sem duftið gat þornað.
Útskrift hjá 10. bekk	Skólastjórn	Útskrift nemenda í 10. bekk var 5. júní kl. 14:30 á sal skólans. Flutt voru tónlistaratriði, aðstoðarskólastjóri stjórnaði útskriftinni. Umsjónarkennarar, fulltrúi nemenda og skólastjóri fluttu ræðu. Allir nemendur fengu trefla að gjöf. Fjöldi viðurkenninga voru veittar.
Skólaslit 1.-9. bekkur	Skólastjórn	Skólaslitin hjá 1.-9. bekk voru 6. júní á sal skólans og var þeim skipt upp í fimm skipti. 1.-2. bekkur kl. 8:30, 3.-4. bekkur kl. 9:15, 5.-6. bekkur kl. 10:00, 7.-9. bekkur kl. 10:45. Athöfnin tók um 15 mínútur á sal að henni lokinni fóru nemendur og forráðamenn í umsjónarstofur nemenda sem tóku við vitnisburðinum sínum. Mjög vel var mætt af forráðamönnum á öll skólaslitin.
Kaffihúsafundur	Skólastjórn	Kaffihúsafundurinn 9. júní var í formi skólaþings. Þar voru ræddir þættir sem einkenna skólastarf í Njarðvíkurskóla og hvernig starfsmenn vilja sjá skólastarf þróast. Margar góðar ábendingar sem stjórnendur unnu með og flokkuðu í verkefni stjórnenda, kennara og sameiginleg. Ánægja með skólaþing starfsmanna.

7. Umbótaáætlun

Á grunni þessarar sjálfsmatsskýrslu er unnin áætlun um aðgerðir og umbætur til eins árs, eða til vors 2024. Sú áætlun er kynnt starfsfólki að hausti 2023. Þá er uppfærð langtímaáætlun til umbóta, til næstu þriggja ára eða til loka skólaársins 2025.

Reykjanesbæ, júní 2023

Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri
Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

